

## 1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2019-2020

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík föstudaginn 28. júní 2019 kl. 13:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir í forföllum Guðmundar Halldórsson, Jóna Björg Arnarsdóttur, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

### Á fundi gerðist þetta:

Aldursforseti nýkjörinnar stjórnar, Pétur Snæbjörnsson, setti fund og stjórnaði kjöri í trúnaðarstöður.

#### 1. Verkaskipting stjórnar

Fram kom tillaga um Elías Pétursson sem formann, Jónu Björgu Hlöðversdóttur sem varaformann og Jónu Björgu Arnarsdóttur sem ritara. Fleiri tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin.

Nýkjörinn formaður þakkaði það traust sem honum væri sýnt og tók við stjórn fundarins.

#### 2. Tilnefning í stjórn Aurora Observatory

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu en skv. skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Aurora Observatory skulu stofnaðilar tilnefna einn mann í stjórn hver til þriggja ára. Atvinnuþróunarfélagið er einn fimm stofnenda og skipar því einn stjórnarmann.

Samþykkt samhljóða að tilnefna stjórnarformann, Elías Pétursson í stjórn Aurora Observatory.

#### 3. Staða vinnu við hugsanlega sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna

Formaður gerði grein fyrir stöðu vinnunnar, m.a. að ráðgjafarfyrirtækið Stratégía hefði verið ráðið til að vinna með stýrihópnum, sem skipaður er formönnum Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna. Málið rætt og leggur stjórn áherslu á að við vinnslu verkefnisins verði sá grunnur sem lagður var í samþykkt aukaáðalfundar Eyþings og atvinnuþróunarfélögin hafa fallist á, virtur í hvívetna. Einnig leggur stjórn áherslu að tilgangur og markmið atvinnuþróunarfélagsins eins og skilgreint er í 2. gr. samþykktu þess nái fram að ganga í sameiginlegri stofnun.

#### 4. Verkefnayfirlit

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir helstu verkefni sem hafa verið og eru á borði starfsmanna þessar vikurnar. Verkefnayfirlit verður sett inná vinnusvæði stjórnar sem stefnt er á að setja upp fljótlega.

#### 5. Önnur mál

- a) Jóna Björg Hlöðversdóttir vakti athygli á erindi sem borist hefur sveitarfélagunum frá Markaðsstofu Norðurlands vegna skilgreiningar gönguleiða. Í ljósi þess að félagið hefur um árábil staðið fyrir útgáfu gönguleiðarkorta á svæðinu var samþykkt að haft

yrði samband við sveitarfélögin um að félagið taki að sér að halda utan um verkefnið á starfssvæði sínu.

- b) Jóna Björg Hlöðversdóttir spurði um stöðu úttektar á smávirkjanakostum á svæðinu. Fram kom hjá framkvæmdastjóra að skýrslan væri efnislega tilbúin en vegna anna hefði yfirlestur dregist. Skýrslan verður send sveitarfélögunum á næstunni en stefnt er að frekari kynninu á efni hennar með haustinu.
- c) Gengið frá tilkynningu til Fyrirtækjaskrár RSK vegna breytinga á stjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50